

**Nd.**

**638. Nefndarálit**

**[150. mál]**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Venjulegar umsagnir landnámsstjórnar og jarðeignadeildar ríkisins eru prentaðar hér á eftir sem fylgiskjöl.

Alþingi, 26. apríl 1972.

Stefán Valgeirsson,  
form.

Benedikt Gröndal.

Sigurður Magnússon,  
fundaskr.

Ágúst Þorvaldsson.  
Pálmi Jónsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson,  
frsm.

Gunnar Gíslason.

## Fylgiskjal I.

### LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Reykjavík, 10. apríl 1972.

Með bréfi, dags. 16. febrúar s. l., hefur landbúnaðarnefnd Nd. óskað eftir umsögn jarðeignadeildar ríkisins um fram komið frumvarp frá þrem Austfjarðáþingmönnum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Geithellnahreppi 3 jarðir innan hreppsins. Eru það kirkjujarðirnar Markúsarsel og Tunguhlíð og Þjóðjörðin Veturhús.

Allar hafa jarðir þessar verið í eyði um langt skeið, en verið nytjaðar af ábúendum nærliggjandi ríkisjarða, Hamarssels og Hærुकollsness.

Telja verður eðlilegt, að ábúendum nefndra ríkisjarða verði áfram tryggð afnot jarðanna, hafi þeir þörf fyrir þau, þar sem ríkisjarðirnar, einkum Hamarssel, eru landlitlar.

Ráðuneytið getur þó eftir atvikum fallið á, að hæstvirt Alþingi veiti lagaheimild til að selja áður nefndar jarðir, þar sem hreppsnefnd Geithellnahrepps yrði eigandi þeirra, en telur, að í afsali yrði að tryggja forgangsrétt ábúenda þeirra ríkisjarða, sem hafa haft not jarðanna, til áframhaldandi nota þeirra.

F. h. r.

Sveinbj. Dagfinnsson.

## Fylgiskjal II.

### LANDNÁM RÍKISINS

Landnámsstjóri

Reykjavík, 6. marz 1972.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 16. febrúar 1972, farið þess á leit, að Landnám ríkisins geri umsögn um frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijarðirnar Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi, Suður-Múlasýslu, mál nr. 150. Enn fremur er óskað eftir umsögn um sölu á eyðibýlinu Hóli í Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.

#### Umsögn um Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús.

1. **Markúsarsel.** Eyðijörð þessi er innarlega í Flugustaðadal, sem er vestasti dalurinn, er gengur inn í hálendið suðaustur af Prándarjökli. Jörðin hefur verið í eyði um 30 ár. Engin hús eru á jörðinni. Nokkrir sumarhagar eru fyrir sauðfé í landinu, en hlíðar Flugudals eru brattar og víða gróðurlitlar, enda hæð brúna sín hvoru megin dalsins 400—700 m háar.

Markúsarsel á veiðirétt í Hofsá skv. eyðijarðaskrá Landnámsins, og kann hann að gefa henni nokkurt gildi í framtíðinni, en í nýja fasteignamatinu er hlunninda ekki getið. Mat jarðarinnar er kr. 48 000.00.

2. **Tunguhlíð.** Þessi eyðijörð liggur á mótum Flugustaðadals og Hofsdals, og er land hennar báðum megin ranans, er skiptir dölunum. Jörðin hefur verið í eyði um áratugi.

Engin hús eru uppstandandi. Sumarbeitsland er talsvert fyrir sauðfé. Hægt er að komast á bíl að Tunguhlíð og Markúsarseli, þegar Hofsá er bílfær.

Veiðiréttur í Hofsá fylgir býlinu.

Fasteignamat jarðarinnar er nú kr. 41 000.00.

Báðir dalirnir, Flugustaða- og Hofsdalur, eru í eyði fyrir innan prestssetrið Hof og því í raun og veru afréttarlönd fyrir Geithellnahrepp.

3. **Veturhús.** Þetta eyðibýli er í Hamarsdal, um það bil í miðjum dalnum, en Hamarsdalur liggur inn af Hamarsfirði og inn norðaustur af Þrándarjökli, en milli Hamarsdals og Hofsdals er svo Geithellnadalur. Í öllum þessum dölum hefur byggð lagzt niður, nema yzt í dölunum í námunda við ströndina, en þar liggur þjóðvegurinn.

Veturhús hafa verið í eyði milli 20 og 30 ár og landið notað sem afréttarland. Land jarðarinnar er metið á kr. 82 000.00 og útihús á kr. 15 000.00 eða alls á kr. 97 000.00.

Engin nothæf hús teljast þó á Veturhúsum.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, virðist það vilji hreppsnefndar Geithellnahrepps að kaupa eyðijarðir í sveitinni, „svo haga megi nytjum þeirra með því móti, sem bezt samrýmist þörf hreppsbúa,“ eins og komið er að orði.

Það er skoðun Landnámsins, að eigi komi til þess, að þessar þrjár jarðir verði endurbyggðar sem bújarðir, og þess vegna verði lönd þeirra nytjuð sem sumarhagar fyrir búfé hreppsbúa, svo sem verið hefur undanfarna áratugi. Vera má, að ár þær, sem um Hofsdal og Hamarsdal falla, búi yfir möguleikum til fiskiræktar og að hreppsnefnd þyki skynsamlegt að ná eignarhaldi á þeim af þeirri ástæðu, enda þótt ekki sé líklegt, að núverandi eigandi muni braska með not jarðanna til óþurftar hreppsbúum.

Áhugi hreppsnefndar kann líka að stafa af þeirri „pólitik“, að sveitarstjórnir afli sér eignarréttar á óbyggðum svæðum innan endimarka sveitarinnar, hvort sem eignaraðili er ríkið eða einstaklingar.

Með hliðsjón af því, sem að framan er sagt, og af þriðju málsgrein 1. gr. frumvarpsins, mælir Landnám ríkisins með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Árni Jónsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.